

LÖG

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 (fjarheilbrigðisþjónusta).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 4. tölul. 4. gr. laganna kemur nýr tölulíður, svohljóðandi: *Fjarheilbrigðisþjónusta*: Nýting stafrænnar samskipta- og upplýsingatækni til að veita heilbrigðisþjónustu þar sem aðilar eru ekki á sama stað á sama tíma. Undir fjarheilbrigðisþjónustu fellur:

- Fjarsamráð*: Samráð heilbrigðisstarfsfólks og miðlun heilbrigðisupplýsinga með við-eigandi og öruggum tæknibúnaði.
- Fjarvöktun*: Notkun á stafrænum lausnum og tæknibúnaði í fjarvöktun á heilbrigðis-ástandi.
- Myndsamtal*: Rauntímasamskipti heilbrigðisstarfsmanns og sjúklings með öruggum tæknibúnaði.
- Netspjall og hjálparsími*: Samskipti heilbrigðisstarfsfólks við sjúklinga í hjálparsíma eða á netspjalli sem kalla á leit upplýsinga eða skráningu upplýsinga í sjúkraskrá sjúklings.
- Velferðartækni*: Notkun á stafrænum tæknilausnum heilbrigðisþjónustu sem treystir búsetu einstaklinga í heimahúsi.

2. gr.

Við 2. málsl. 23. gr. laganna bætist: og lýðheilsu.

3. gr.

Við 3. málsl. 27. gr. laganna bætist: og lýðheilsu.

4. gr.

Á eftir 27. gr. a laganna kemur ný grein, 27. gr. b, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Fjarheilbrigðisþjónusta.

Heilbrigðisstofnanir, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu skulu við skipulagningu og veitingu fjarheilbrigðisþjónustu uppfylla fyrir-mæli landlæknis um upplýsingaöryggi, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögnum fellur brott.

Nr. 48

21. maí 2024

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. maí 2024.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Willum Þór Þórsson.

A-deild – Útgáfudagur: 29. maí 2024